

Garðabær-Bæjarskrifstofur  
Arinbjörn Vilhjálmsson  
Garðatorgi 7  
210 Garðabæ

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
<b>30 OKT. 2009</b> 54.23	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. október 2009  
UST20090900014/abg

### Efni: Vífilsstaðahlíð, umræðutillaga að minningarkapellu hjá Gunnhildi

Við er til erindis skipulagsstjóra Garðabæjar dags 1. september sl. vegna beiðni um álit á tillögu að deiliskipulagi Vífilsstaðavatns. Tillagan gerir ráð fyrir minningarkapellu hjá Gunnhildarvörðu á hæðarbrún Vífilsstaðahlíðar.

Svæðið sem um ræðir er innan friðlands Vífilsstaðavatns og Heiðmerkur. Samkvæmt 4. grein auglýsingar um friðlýsingu Vífilsstaðavatns og nágrennis er óheimilt að spilla náttúrulegu gróðurfari og hrófla við jarðmyndunum í friðlandinu. Einnig er mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi óheimilar nema með leyfi Umhverfisstofnunar og bæjarstjórnar Garðabæjar skv. 5. grein auglýsingar um friðlýsingu Vífilsstaðavatns.

Tillaga Garðabæjar gerir ráð fyrir mannvirki sem mætti vera allt að 15m<sup>2</sup> að flatarmáli og allt að 6 m á hæð. Þar til viðbótar mætti standa t.d. krosstákn upp úr þaki. Mannvirkið skuli vera byggt úr náttúrulegum efnum, t.d. timbri, torfi og grjóti.


Umhverfisstofnun bendir á það að gert sé ráð fyrir að mannvirkið verði byggt ofan á hæð Vífilsstaðahlíðar og mun því verða mjög sýnilegt bæði frá vegi og frá gönguleiðum við Vífilsstaðavatn. Umhverfisstofnun bendir því á að mannvirki sem er 6 metrar á hæð og þar að auki með viðbættu krosstákni ofan á toppnum verði mjög áberandi í landslaginu. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að mannvirkið verði fellt sem best að svipmóti landsins sbr. 35. grein náttúruverndarlaga um hönnun mannvirkja. Umhverfisstofnun bendir einnig á að í nágrenni við mannvirkið eru tvær sögulegar minjar. Stofnunin bendir því á að nauðsynlegt er að hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins vegna þessa.

Eins og áður kemur fram þá er óheimilt að spilla náttúrulegu gróðurfari innan friðlandsins og fer Umhverfisstofnun því þess á leit að efni til mannvirkjagerðarinnar verði flutt á staðinn með aðferðum sem hafa sem minnst áhrif á gróðurþekju svæðisins. Vífilsstaðavatn er útivistarparadís og dregur að sér mikinn fjölda fólks sem þangað kemur til að komast í tæri við náttúruna og stunda útivist. Samkvæmt 2. grein auglýsingar um friðlýsingu Vífilsstaðavatns er eitt af markmiðum friðlýsingarinnar að treysta útivistargildi svæðisins. Því fer Umhverfisstofnun fram á það að framkvæmdin hafi sem minnstar truflanir í för með sér fyrir þá sem þangað sækja, bæði er varðar hljóðmengun og rask vegna mannvirkjaframkvæmda.

Umhverfisstofnun áskilur sér þann rétt að gera frekari athugasemdir við framkvæmdina á síðari

stigum málsins, enda ber að leita leyfis stofnunarinnar við framkvæmdir á svæðinu sbr. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og fyrrgreinda auglýsingu um friðlandið. Að öðru leyti en því sem frammar greinir leggst Umhverfisstofnun ekki gegn fyrirhugaðri tillögu að deiluskipulagi.

Virðingarfyllst  
A. Birna Guttormsdóttir.  
Aðalbjörg Birna  
Guttormsdóttir

  
Ólafur A Jónsson  
Deildarstjóri